

# Reglur og tækjalisti

## SKREKKUR 2011

í Borgarleikhúsinu 7. 8. 14. 15.og 21. nóvember

### Reglur

1. Allir grunnskólar með unglingastig (8. 9. og 10. bekkir) í borginni hafa leyfi til að senda eitt atriði í keppnina.
2. Allar listgreinar og hverskonar skemmtiatriði eru leyfileg.
3. Lengd skemmtiatriða er allt að 7 mínútur.
4. Ekki er leyfilegt að “mæma” eftir söng af disk í keppninni.
5. Atriðið má aðeins fara fram á sviði Borgarleikhússins.
6. Val á atriði verður að fara fram innan skólanna.
7. Dómnefnd er skipuð listamönnum.
8. Þátttakendum er skipt í fjóra “riðla” og komast tveir áfram úr hverjum riðli í úrslit þar sem sigurvegararnir fá afhentan SKREKKINN.
9. Hver skóli fyrir sig verður að hafa ljósamann, hljóðmann og sviðsmenn.
10. Tónlist verður að skila á cd eða USB lykli a.m.k. viku fyrir keppnisdag.
11. Keppendur hafa val um hvort þeir kynna atriði sitt sjálfir, þá þarf kynningin að vera innan 7 mínútna hámarks lengdar skemmtiatriðis, eða hvort kynnir á vegum Skrekkis kynni atriðið (kynning gefur ekki stig fyrir atriðið).
12. Inntak skemmtiatriðis, s.s búningar, tónlist og það sem keppendur vilja koma á framfæri fyrir dómnefnd sendist á [skrekkur@itr.is](mailto:skrekkur@itr.is) sólarhring fyrir keppnisdag.
13. Hámarksfjöldi keppenda er **35 manns** þar með taldir listamenn, ljósamaður, hljóðmaður og sviðsmenn.
14. Hugmynd að atriði verður að koma frá grunnskólanemendum en ekki frá utanaðkomandi aðila.
15. Ekki er leyfilegt að nota glimmer,feit efni eða hál (samanber þeyttur rjómi) eða opin eld á sviði (Reglur frá Borgarleikhúsi). Ef þið hafið einhverjar spurningar sendið á [skrekkur@itr.is](mailto:skrekkur@itr.is) .

### Tækjalisti

Öflugt hljóðkerfi fyrir sal, cd og tölva. Monitorar settir upp fyrir danssvæði. 3 míkrafónar á stöndum, 3 þráðlausir handmíkrafónar, 3 “overhead” míkrafónar á stöndum 3 DI box flygill með míkrafönnum  
Mistvél,  
Baklýsing: Dökkblátt, ljósblátt og heitt  
Hliðarlýsing (balletstigar) m/fjórum litum  
Framlýsing heit og köld  
Róbótar  
2 eltiljós

Stærð á sviði er 12 m. á breidd og 10 m. á dýpt

**Veffang:** [www.itr.is](http://www.itr.is)

**Netfang:** [skrekkur@itr.is](mailto:skrekkur@itr.is)